

L Ö G

17

31. jan.

um heimild til ráðstöfunar á fé mótvirðissjóðs.

HANDHAFAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS

samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar,

forsætisráðherra, forseti sameinaðs Alþingis og forseti hæstaréttar,

gjöra kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og vér staðfest þau með samþykki voru:

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt, sbr. 3. gr. laga nr. 47/1949, að lána allt að 95 milljónir króna af fé mótvirðissjóðs til Sogs- og Laxárvirkjana og Áburðarverksmiðjunnar h. f. Lán úr mótvirðissjóði skulu vera með 5½% vöxtum og lánstími 20 ár.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 31. janúar 1952.

Steingrímur Steinþórsson.

Jón Pálmason.

Jón Ásbjörnsson.

(L. S.)

Eysteinn Jónsson.

L Ö G

18

31. jan.

um samkomudag reglulegs Alþingis 1952.

HANDHAFAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS

samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar,

forsætisráðherra, forseti sameinaðs Alþingis og forseti hæstaréttar,

gjöra kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og vér staðfest þau með samþykki voru:

1. gr.

Reglulegt Alþingi 1952 skal koma saman 1. dag októbermánaðar, hafi forseti Íslands eigi tiltekið annan samkomudag fyrr á árinu.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 31. janúar 1952.

Steingrímur Steinþórsson.

Jón Pálmason.

Jón Ásbjörnsson.

(L. S.)

Steingrímur Steinþórsson.